

21/25.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir	kr. 63.80
I. gæðaflokkur	— 65.00
II. gæðaflokkur	— 62.50

26/30.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir	kr. 60.90
I. gæðaflokkur	— 62.10
II. gæðaflokkur	— 59.70

31/35.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir	kr. 58.10
I. gæðaflokkur	— 59.30
II. gæðaflokkur	— 56.90

36/40.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir	kr. 55.20
I. gæðaflokkur	— 56.40
II. gæðaflokkur	— 54.00

Verð þessi eru cif.-verð. Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegssráðuneytið, 22. ágúst 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur frá Búð, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. ágúst 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur frá Búð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Danielsdóttur frá Búð og er stofnaður af Hafliða Guðmundssyni.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 330 000.00 — þrjú hundruð og þrjátíu þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Hellu.

Engu má úthluta úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn kr. 500 000.00, en eftir það skal úthluta hálfum vöxtum, en hálfir vextir leggist við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 1 000 000.00. Eftir það skal úthluta $\frac{3}{4}$ vaxta, þar til sjóðurinn er kr. 1 200 000.00, þá má úthluta öllum vöxtum.

3. gr.

Sjóðnum er ætlað að veita styrk til hvers konar líknar- og menningarstarfsemi, fyrst og fremst í sínum heimahögum, því næst í Rangárhéraði, og svo til styrktar lömuðum og fötluðum, trúboðsins í Konsó o. fl., er til greina kæmi á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur Kirkjuhvolsprestakalls, hreppstjóri Djúpárhrepps og einhver afkomandi Hafliða og Guðrúnar í Búð, og skal sóknarprestur vera formaður sjóðsstjórnar.

Sjóðsstjórnin inni verk þetta af hendi án endurgjalds, en greiða skal þó útlagðan kostnað.

5. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og leggur þá fram fyrir sýslufund Rangárvallasýslu til endurskoðunar og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Búð, 24. júlí 1972.

Hafliði Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ættarsjóð Magnúsar Kr. Gíslasonar á Vöglum í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. ágúst 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ættarsjóð Magnúsar Kr. Gíslasonar á Vöglum í Skagafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ættarsjóður Magnúsar Kr. Gíslasonar á Vöglum í Skagafirði.

Stofnandi sjóðsins er Magnús Kristján Gíslason, fæddur 31. marz 1897, bóndi á Vöglum í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur —, sem þegar hafa verið lagðar á vöxtu í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Hann skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki, en heimilt er stjórn sjóðsins að ávaxta hann, ef henni sýnist það hagstætt, í bankavaxtabréfum eða ríkistryggðum skuldabréfum að einhverju eða öllu leyti.

3. gr.

Vöxtum af höfuðstól sjóðsins skal varið til sonarbarna stofnandans og þeirra niðja þannig: